

Sending lyfseðla og lyfjaskírteini Breytingar vegna nýrrar lyfjareglugerðar Saga 2018.2

Ef stilligildi #1215 er gert virkt þá er athugað við endurnýjun á lyfjum og þegar nýr lyfseðill er gerður hvort til sé gilt lyfjaskírteini, ef lyfið er í ATC flokki sem er skilgreindur í stilligildinu. ATC kóðarnir, sem um ræðir, eru sjálfkrafa í stilligildinu við uppfærslu í útgáfu 2018.2 af Sögu en stilligildið er ekki virkt.

Ef ekki er til lyfjaskírteini er læknirinn varaður við því að lyfið verði ekki afgreitt í apóteki. Þetta er í samræmi við nýja lyfjareglugerð sem tekur gildi 1.júlí 2018.

Þegar nýr lyfseðill er gerður í Eyðublaðaeiningu með lyfi sem er með ATC kóða sem tilgreindur er í stilligildinu birtist eftirfarandi gluggi:

Einstaklingur á ekki gilt lyfjaskírteini fyrir lyfið Ritalin.
Ef gilt lyfjaskírteini er ekki til verður lyfið ekki afgreitt í apóteki.

Viltu halda áfram og senda lyfseðilinn?

Við lyfjaendurnýjun í Lyfjakorti í Forsíðu sjúklings birtist einnig samskonar aðvörun.

Hér sést hvernig glugginn er sem birtist við Lyfjaendurnýjun í Lyfjakorti í Forsíðu sjúklings á lyfi með ATC kóða sem er tilgreint í stilligildinu:

Lyfjaendurnýjun (
[1/1]

Ritalin

10 mg töflur, 3x30 stk pr. pakkn.

Afgreiðist: 1 sinni
Notkun: 1 tafla á dag
Vandaliðun: Flogaveiki, ótilgreind(G40.9+)
Sent: Á kennitölu í apótek

Einstaklingur á ekki gilt lyfjaskírteini. Ef gilt lyfjaskírteini er ekki til verður lyfið ekki afgreitt í apóteki.

Skrá lyfseðil í lotu:

Koma:

Samskipti (Síðustu 30 daga):

Ný samskipti:

Þetta á einnig við fyrir lyfjaendurnýjun á eftirfarandi stöðum í kerfinu:

Lyfjaendurnýjun í Veru Samskiptaborði.

Lyfjaendurnýjun í Forsíðu sjúklings, Lyfjakorti.

Lyfjaendurnýjun í Forsíðu sjúklings, Lyfjagrunnur: Óútleyst lyf.

Lyfjaendurnýjun í forsíðu sjúklings, Lyfjagrunnur: Afgreidd lyf.

Lyfjaendurnýjun í Forsíðu starfsmanns.
Lyfjaendurnýjun í Lyfjakorti WPF einingu.

Ef gáttin hjá Sjúkratryggingum Íslands er niðri þegar athugað er með stöðu lyfjaskírteinis þá koma skilaboð þess efnis til Sögunotanda. Læknir getur alltaf sent lyfseðilinn áfram á apótek og apótekið stöðvar afgreiðslu lyfsins ef gilt lyfjaskírteini er ekki til staðar.

Með nýrri lyfjareglugerð verður hægt að gefa út fjölnota lyfseðla með eftirritunarskyldum lyfjum. Það mega hins vegar ekki vera fleiri en 30 dagar á milli afgreiðslna á þeim seðlum.

Með kveðju
TMS - Heilbrigðislausnir